

Ómar Þröstur Björgólfsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



Reykjavík 6. mars 2015
UST201502-522/K.S.J.

Efni: Tillaga að deiliskipulagi tjaldsvæðis og ferðapjónustu í landi Stóra Sandfells III, IV og V.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 16. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi tjaldsvæðis og ferðapjónustu í landi Stóra Sandfells III, IV og V.


Náttúrulegir birkiskógar


Umhverfisstofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna. Stofnunin tekur undir það að flest nýrra smáhýsa eru staðsett á gömlum tünnum. Þar sem hluti smáhýsa og stækkun tjaldsvæðis eru áætluð á svæði þar sem er náttúrulegur birkiskógur, ítrekar Umhverfisstofnun að eitt af markmiðum íslenskra stjórnvalda skv. ritinu Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, er: *Að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi Íslands.* Því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að framkvæmdum við stækkun tjaldsvæðis og ferðapjónustusvæðis sé hagað þannig að þær skerði sem minnst náttúrulegan birkiskóg ef þess er nokkur kostur.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um fráveitu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur